

Alþingi
Erindi nr. P 135/1953
komudagur 1.4.2008



Nefnasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

TbH/hþ

31.03.2008

Varðar bréf yðar dags. 4. mars 2008.

Hjálagt fylgir umsögn RARIK um frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda og orkusviði.

Virðingarfyllst,


Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri

31. mars. 2008

Umsögn RARIK um frumvarp til laga um breytingar á nokkrum lögum á auðlinda og orkusviði.

RARIK tekur fram að fyrirtækið tekur undir aðskilnað samkeppnisþátta og sérleyfisþátta með fyrirtækjaaðskilnaði. Almennt má þó segja að sú leið sem farin er í frumvarpinu til að aðskilja starfsemi í sérleyfi og samkeppni sé flókin og undanþágur flækja málið enn frekar. Í Noregi hefur t.d. verið valin sú leið með stærri fyrirtæki að sérleyfisfyrirtæki má ekki eiga beint í fyrirtækjum sem stunda samkeppnisstarfsemi og öfugt. Þar er þó heimilt að móðurfélag eigi bæði samkeppnisfyrirtæki og sérleyfisfyrirtæki og ekki er annað að sjá en slík leið væri fær hér einnig. Þannig geta fyrirtæki í ólíkri starfsemi verið systurfyrirtæki, en ekki móður og dótturfyrirtæki.

Allar undanþágur frá lögnum eru vandmeðfarnar og ætti að hafa á þeim tímamörk. Jafnframt er rétt að benda á að undanþágur þurfa að koma fram í lögnum sjálfum en ekki í skýringum, eins og nú er í frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar:

Í 1. greininni er gert ráð fyrir takmörkunum á framsali á virkjanlegu afli miðist við 7MW. Nú er það svo að verulegur munur getur verið á virkjanlegu afli og því afli sem hagkvæmt er að virkja þar sem afl virkjunar ræðst af fyrirkomulagi en ekki einvörðungu af aðstæðum. Eins og orðalag greinarinnar er nú er ekkert tillit tekið til þessa. Gert er ráð fyrir að afnotaréttur takmarkist við 65 ár. Almennt séð er ekki ástæða til að takmarka framsalið með þessum hætti, enda eiga almenn viðskiptasjónarmið að gilda í þessum viðskiptum sem öðrum. Ef þessi leið verður hins vegar farin verður að leggja þann skilning í ákvæðið að heimild sé til framlengingar á samningstímanum, þó þannig að afnotarétturinn sé aldrei lengri en 65 ár á hverjum tíma. Hefði verið ástæða til að þetta kæmi fram í skýringum með greininni.

Í 2. grein er gert ráð fyrir að handhafa virkjunarleyfis með árlegar rekstartekjur umfram 2 milljarða sé óheimilt að stunda sérleyfisstarfsemi. Ekki er ljóst hvað átt er við með orðalaginu "... að stunda sérleyfisstarfsemi.". Telst það t.d. að stunda sérleyfisstarfsemi að eiga hlut í fyrirtæki á því sviði og ef svo er skiptir þá máli hversu stór sá hlutur er? Þessu er ekki svarað í lagagreininni. Hins vegar virðist sem heimilt sé að samkeppnisfyrirtæki og sérleyfisfyrirtæki geti verið systurfyrirtæki undir sama móðurfélagi.

Þá má velta því fyrir sér þegar talað er um rekstrartekjur umfram 2 milljarða, hvort um er að ræða tekjur af virkjunarstarfseminni eða brúttótekjur blandaðrar starfsemi. Væntanlega

er það stærð samkeppnisþáttarins sem ræður því að fyrirtækinu sé óheimilt að stunda sérleyfisstarfsemi, en á þessu er ekki tekið í lagagreininni eða skýringum með henni.

Í greininni sjálfri er gerð grein fyrir því hvenær handhafa virkjanaleyfis er óheimilt að eiga í sérleyfisstarfsemi. Í greinargerðinni er hins vegar fjallað um skilyrði fyrir veitingu virkjanaleyfis. Hér er viðfangsefnið nálgast með sitt hvorum hættinum í lagagreininni og í skýringum með henni. Auðvitað gildir orðalag lagagreinarinnar en engu að síður er ósamræmi af þessu tagi óheppilegt.

Í lok skýringa með 2. greininni er síðan núverandi eigendum Landsnets veitt undanþága frá ákvæðinu varðandi eignarhald á þessu langstærsta sérleyfisfyrirtæki í raforkugeiranum. Það er mjög óeðlilegt er að slík undanþága sé í skýringum en ekki í lögnum sjálfum. Einnig er ástæða til að benda á að með þessum undanþágum er öllum aðilum á markaðnum sem greinin hefði náð til, að Hitaveitu Suðurnesja undanskilinni, veittar undanþágur varðandi eignarhald á flutningsfyrirtækinu Landsneti. Menn hljóta að spyrja sig í ljósi þessara undanþága hvort einhver þörf sé fyrir þá takmörkun sem fram kemur í 2. gr. sérstaklega þar sem ekki er um tímabundna ráðstöfun að ræða meðan fyrirtækin koma sér út úr þessari stöðu.

Varðandi 5. gr. er vísað til þess sem segir um 2. gr. hér að framan hvað varðar það að stunda aðra starfsemi og einnig um þá takmörkun við rekstrartekjur umfram 2 milljarða.

Eins og framsetning 6. greinar er nú gilda einnig svipuð sjónarmið og varðandi 2. gr. Rétt er að benda sérstaklega á að öll fyrirtækin sem eiga í Landsneti eru með raforkusöluleyfi. Ef ástæða er til að veita undanþágu vegna Landsnets í 2. grein, þá þarf það einnig við þessa grein til að fyrirtækin sem nú eiga í Landsneti geti átt í því áfram.

Í 8. greininni er ósamræmi gagnvart 1. grein frumvarpsins. Í 1. greininni er heimilt er að selja vatnsréttindi allt að 7 MW, en ekki má skv. 8. greininni selja nein jarðhitaréttindi umfram heimilisnot. Þetta þýðir að selja má allt að 7 MW vatnsafl, en ekki jarðarskika með lítilli heitavatslind, nema undanskilja jarðhitann fundinn eða ófundinn.

Sömu athugasemdir eru gerðar við ákvæði 11. gr. og fram eru settar vegna 2. og 5. gr.